Ungmennasambands Kjalarnesþings

# SKÝRSLA OG REIKNINGAR 1990




## 67. ÁRSÞING

## FÉLAGSHEIMILI KÓPAVOGS

## 10. FEBRÚAR 1991

# Dagskrá 67. Ársþings UMSK

## HALDIÐ í FÉLAGSHEIMILI KÓPAVOGS 10. FEBRÚAR 1991

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þingsetning | kl. | 10:00 |
| 2. | Kosnir starfsmenn þingsins | kl. | 10:15 |
| 3. | Kosning kjörbréfanefndar | kl. | 10:20 |
| 4. | Skýrsla stjórnar | kl. | 10:25 |
| 5. | Ávörp gesta | kl. | 11:00 |
| 6. | Kjörbréfanefnd skilar áliti | kl. | 11:25 |
| 7. | Umræður um skýrslu stjórnar | kl. | 11:35 |
| 8. | Matarhlé | kl. | 12:00 |
| 9. | Skipað í nefndir, mál lögð fyrir m.a. lagabreytingar | kl. | 13:00 |
| 10. | Nefndarstörf | kl. | 13:30 |
| 11. | Nefndir skila áliti | kl. | 15:00 |
| 12. | Önnur mál | kl. | 16:00 |
| 13. | Kosningar | kl. | 16:30 |
| 14. | Þingslit | kl. | 16:45 |

## ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1990-1991


| | | bls. |
|---|---|---|
| Ávarp formanns | | 2 |
| Skýrsla stjórnar | | 5 |
| 64. ársþing UMSK | 6 | |
| Stjórn UMSK | 7 | |
| Aðildarfélög UMSK | 8 | |
| Skrifstofa UMSK | 13 | |
| Fréttabréf UMSK | 13 | |
| Skólahlaup UMSK | 14 | |
| Ný félög | 15 | |
| Starfsskýrslur | 17 | |
| Dómaramál | 17 | |
| Bikarkeppni SSÍ | 18 | |
| Bikarkeppni FRÍ | 19 | |
| Héraðsmót | 19 | |
| Getraunir | 21 | |
| Lottó 5/38 | 23 | |
| Landsmótsnefnd UMSK | 27 | |
| Ávarp formanns landsmótnefndar 20. Landsmóts UMFÍ | 33 | |
| Landsmótsnefnd 20. Landsmóts UMFÍ | 35 | |
| Heiðursviðurkenningar | 39 | |
| Skólahlaup - úrslit | 41 | |
| Íþróttaiðkendur UMSK | 43 | |
| Bestu afrek í sundi 1990 innan UMSK | 45 | |
| Héraðsmet í frjálsum íþróttum | 46 | |
| Lög UMSK | | 48 |
| Reglur um heiðursviðurkenningar | | 50 |

# ÁVARP FORMANNS

Viðburðaríku ári í sögu UMSK er lokið. UMSK hélt 20. Landsmót UMFÍ í Mosfellsbæ dagana 12. til 15. júlí 1990. Miklu var kostað til að gera mótið sem glæsilegast en veðráttan á mótinu mun vafalaust valda því að þess verður frekar minnst vegna roks og rigningar. Engu að síður er óhætt að fullyrða að blað hafi verið brotið í sögu landsmótanna því aldrei fyrr hefur verið til staðar jafn fullkomin aðstaða á landsmóti og í Mosfellsbæ.

Ungmennafélagshreyfingin og þar með Ungmennafélag Íslands hefur aldrei fengið jafn mikla kynningu og á nýliðnu ári vegna hinna umfangsmiklu auglýsingasamninga sem gerðir voru í tengslum við landsmótið. Almenningur í landinu er mun upplýstari um tilvist og starf ungmennafélaganna en áður. Þetta verður að taka með í reikninginn þegar rætt er um árangur af mótshaldinu.

Mosfellingum verður aldrei fullþakkað fyrir stórhug þeirra við undirbúning mótsins. Hér má heldur ekki gleyma að þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum aðildarfélaganna sem lögðu sitt af mörkum við gera það mögulegt að halda landsmótið.

Landsmótsnefnd 20. Landsmóts UMFÍ vann mikið og gott starf en því miður veldur fjárhagsleg útkoma mótsins því að nefndarmenn eru ekki alls kostar sáttir við árangurinn af erfiðinu. Þeir eiga engu að síður miklar þakkir skilið fyrir mikið og óeigingjarnt starf.

Þá er rétt að víkja að þátttöku UMSK í mótinu. Það var glaður og sigurreifur hópur sem var saman kominn í íþróttahúsinu að Varmá sunnudagskvöldið 15. júlí til að taka á móti sigurverðlaunum mótsins. Stemningin var góð og ánægjan skein úr andlitum keppenda og alls UMSK-fólks. Takmarkinu sem sett var á UMSK þingi úti á Álftanesi að frumkvæði Sigurðar Geirdal fyrir tveimur árum hafði verið náð. Sigur á eigin landsmóti var orðinn að veruleika. Þarna var virkilega ánægjulegt að vera í forsvari fyrir UMSK og vissulega komu minningar frá 1975 af Akranesi upp í hugann. Öllum keppendum og þeim sem störfuðu á einn eða annan hátt að undirbúningi keppnisliðsins er óskað til hamingju með glæsilegan árangur.

Landsmótsnefnd UMSK stóð sig með prýði og er henni þakkað fyrir að ná settu marki bæði hvað varðar árangur í keppni og fjárhagslega útkomu.

Uppbygging íþróttamannvirkja hefur verið mikil á félagssvæði UMSK á undanförnum árum en fjölgun þeirra sem hafa áhuga á að nýta mannvirkin hefur einnig verið mikil auk verulegrar íbúafjölgunar. Sambandsaðilar UMSK eru því hvattir til þess að halda vöku sinni í baráttunni fyrir auknum möguleikum ungmenna og alls almennings til þess að stunda holla hreyfingu í tómstundum sínum sér til ánægju og heilsubótar. Höfum hugfast að uppbyggingu íþróttamannvirkja er engan veginn lokið.

Íslensk Getspá og Getraunir héldu uppteknum hætti og skiluðu góðum tekjum til sinna eignaraðila á árinu. Þeim sem þar starfa er þakkað fyrir góð störf í þágu UMSK sem og annarra aðila að ungmenna- og íþróttahreyfingunni.

Fjárhagsstaða UMSK er erfið um þessar mundir vegna slæmrar útkomu úr landsmótsdæminu sem gekk ekki upp hvað aðsókn varðaði. Ekki liggur enn fyrir hvert endanlegt tap varð af því að halda mótið. Eftir er að ná samningum við örfáa aðila um greiðslur þegar þetta er skrifað og lýkur þeirri vinnu væntanlega alveg á næstunni. Þessari stöðu verður mætt með því að vera án starfsmanns um sinn og halda rekstri skrifstofu í algjöru lágmarki. Ekki á að þurfa að koma til þess að þessi staða bitni fjárhagslega á sambandsaðilum UMSK. Miðað er við að sú vinna sem unnin var af framkvæmdastjóra verði um sinn unnin að mestu leyti í sjálfboðaliðsvinnu af einstökum stjórnarmönnum.

Að lokum eru þakkir til landsmótsnefndanna ítrekaðar. Þá er þakkað fyrir gott samstarf við stjórnarmenn og fyrrum starfsmenn, þá Einar Sigurðsson, Sæmund Runólfsson og Ómar Harðarson. Sérstakar þakkir eru færðar til Einars Sigurðssonar sem lét af störfum eftir tæp fjögur ár sem framkvæmdastjóri UMSK. Jafnframt er þakkað fyrir gott samstarf við forsvarsmenn UMFÍ og ÍSÍ, aðildarfélögin og sveitarstjórnir á sambandssvæðinu.

Íslandi allt
Hafsteinn Pálsson



*Formaður að störfum.*



*Sigurlið UMSK í handknattleik kvenna á 20. landsmóti UMFÍ.*



*Sigurlið UMSK í knattspyrnu kvenna á 20. landsmóti UMFÍ.*



*Sigurlið UMSK í sundi.*

# Skýrsla stjórnar UMSK 1990 - 1991

Skýrslan var unnin í nóvember, desember og janúar. Höfundar efnis eru Hafsteinn Pálsson, Hraunar Daníelsson, Birgir Ari Hilmarsson, Ólína Sveinsdóttir, Kristján Sveinbjörnsson og Einar Sigurðsson.

Myndir eru úr myndasöfnum UMSK og Skinfaxa. Forsíðumynd var tekin af Sveini Þormóðssyni, ljósmyndara.



*Fjórar fræknar.*



*Sundbikarnum hampað í mótslok.*

# 66. ÁRSÞING UMSK

66. Ársþing UMSK fór fram í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi 11. febrúar s.l. Þingið snerist að mestu um 20. Landsmót UMFÍ sem fram fór í Mosfellsbæ 12. - 15. júlí s.l. sumar og UMSK var framkvæmdaraðili að. Þingið var í umsjá Íþróttafélagsins Gróttu sem fórst þeim vel úr höndum. Matur var í boði Seltjarnarness og eru þeim færðar þakkir fyrir sem og Íþróttafélaginu Gróttu fyrir umsjá þingsins.

Þingforsetar voru Guðmundur Davíðsson Gróttu og Páll Aðalsteinsson UMFA og þingritarar Alda Helgadóttir Stjörnunni og Ester Jónsdóttir UBK. Gestir þingsins voru Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Una María Óskarsdóttir ritstjóri Skinfaxa og Jón Ármann Héðinsson ÍSÍ.

Hafsteinn Pálsson var endurkjörinn formaður sambandsins, aðrir í stjórn voru kjörin Þorgrímur Októsson UMFA og Höskuldur Gunnarsson Dreng sem reyndar áður var í varastjórn, Ester Jónsdóttir UBK og Hraunar Daníelsson UBK voru kjörin á 65. ársþinginu til tveggja ára og sitja því áfram eitt ár. Í varastjórn voru kjörin Alda Helgadóttir Stjörnunni, Birgir Ari Hilmarsson Ými og Björn Hermannsson Gróttu.

Á þinginu voru afhentar viðurkenningar svo sem venja er á ársþingum UMSK. Félagsmálaskjöld UMSK hlaut Elsa Jónsdóttir Gerplu, Afreksbikar UMSK hlaut Helgi Jóhannesson karatemaður úr UBK og UMFÍ-BIKARINN hlaut meistaraflokkur Stjörnunnar í handknattleik kvenna.

Þá voru á þinginu sæmd Starfsmerki UMSK þau Bjarni Halldórsson UMFA, Margrét Kristjánsdóttir Gróttu, Gunnar Lúðvíksson Gróttu, Ólína Sveinsdóttir UBK og Júlíus Arnarson Stjörnunni.

Í fyrsta skipti í 68 ára sögu sambandsins var veitt Heiðursviðurkenning UMSK Sveini Björnssyni forseta ÍSÍ en heiðursviðurkenningin er skjöldur veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðildarfélögin verulega.

Pálmi Gíslason formaður UMFÍ sæmdi þau Albert H. N. Valdimarsson HK og Ólínu Sveinsdóttur UBK Starfsmeki UMFÍ á þinginu.

Mikill hugur var í þingfulltrúum vegna landsmótsins og allir á einu máli um að það tækist sem best bæði hvað varðaði framkvæmd og ekki síður þátttöku keppnisliðs sambandsins minnugir tillögu Sigurðar Geirdal frá 65. ársþinginu þar sem samþykkt var að UMSK vinni landsmótið. Sérstakur rómur var gerður að stuðningi Mosfellsbæjar við sambandið í undirbúningnum fyrir mótið.

# STJÓRN UMSK

Á 66. ársþingi sambandsins urðu nokkrar breytingar á stjórn. Svanur M. Gestsson, Guðmundur Karlsson og Anna Möller gengu úr stjórn og í þeirra stað komu Þorgrímur Októsson, Birgir Ari Hilmarsson og Björn Hermannsson. Þá gekk Alda Helgadóttir úr aðalstjórn í varastjórn og Höskuldur Gunnarsson úr varastjórn í aðalstjórn .

Stjórn og varastjórn var því skipuð sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Formaður | Hafsteinn Pálsson | Umf. Aftureldingu |
| Varaformaður | Hraunar Daníelsson | Umf. Breiðablik |
| Ritari | Ester Jónsdóttir | Umf. Breiðablik |
| Gjaldkeri | Þorgrímur Októsson 2 ár | Umf. Aftureldingu |
| Meðstjórnandi | Höskuldur Gunnarsson 2 ár | Umf. Dreng |
| Til vara: | Birgir Ari Hilmarsson | Sigl. Ýmir |
| | Alda Helgadóttir | Umf. Stjörnunni |
| | Björn Hermannsson | Íþr.f. Gróttu |

Stjórnin hélt 17 formlega fundi á starfsárinu og tók fyrir fjöldann allan af málum.

# AÐILDARFÉLÖG UMSK

1. Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 563 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 367 |
| Alls: | 930 |

Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Guðbjörg Pétursdóttir.

2. Ungmennafélagið Drengur, Kjósarhreppi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 82 |
| Alls: | 83 |

Félagið stofnað: 1915
Formaður: Ólafur Magnússon.

3. Ungmennafélag Kjalnesinga, Kjalarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 100 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 101 |
| Alls: | 201 |

Félagið stofnað: 26. maí 1938
Formaður: Þórdís Pálsdóttir.

4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps, Bessastaðahreppi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 128 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 33 |
| Alls: | 161 |

Félagið stofnað: 1945
Formaður: Kjartan Sigtryggsson.

5. Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 788 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 1126 |
| Alls: | 1914 |

Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Logi Kristjánsson.

6. Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 629 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 698 |
| Alls: | 1327 |

Félagið stofnað: 1960
Formaður: Karl H Sigurðsson.

7. Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 635 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 381 |
| Alls: | 1016 |

Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Gunnar Lúðvíksson.

8. Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 608 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 421 |
| Alls: | 1029 |

Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Þorsteinn Einarsson.

9. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 675 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 98 |
| Alls: | 773 |

Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ingvar Árnason.

10. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 51 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 202 |
| Alls: | 253 |

Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Hjördís Andrésdóttir.

11. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 31 |
| Alls: | 31 |

Félagið stofnað: 1974
Formaður: Bjarni Hannesson.

12. Íþróttafélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 489 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 309 |
| Alls: | 798 |

Félagið stofnað: 1976
Formaður: Sigurjón Sigurðsson.

13. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 44 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 218 |
| Alls: | 262 |

Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Örn Höskuldsson.

14. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 41
Alls: 41
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Eyjólfur Kristjánsson.

15. Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 42
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 136
Alls: 178
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Hjörtur Hjartarson.

16. Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 2
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 53
Alls: 55
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon.

17. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 45
Alls: 45
Félagið stofnað: 14. júní 1983
Formaður: Þórhildur Garðarsdóttir.

18. Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellsbæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 19
Alls: 19
Félagið stofnað: 1984
Formaður: Grímhildur Hlöðversdóttir.

19. Golfklúbbur Garðabæjar, Garðabæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 143
Alls: 143
Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Kjartan Borg.

20. Knattspyrnufélagið Hvatberar, Seltjarnarnesi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 77
Alls: 77
Félagið stofnað: 1987
Formaður: Atli Atlason.

21. <u>Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar, Mosfellsbæ</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 54
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 305
Alls: 359
Félagið stofnað: 1979
Formaður: Valdimar Kristinsson.

22. <u>Íþróttadeild Hestamannafélagsins Gusts, Kópavogi</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 42
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 294
Alls: 336
Félagið stofnað: 26. febrúar 1980
Formaður: Sævar Kristjánsson.

23. <u>Skotfélag Kópavogs, Kópavogi</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 51
Alls: 51
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Halldór Jónsson.

24. <u>Keilufélag Garðabæjar, Garðabæ</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 20
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 75
Alls: 95
Félagið stofnað: 25. maí 1989
Formaður: Lúðvík Wdowiak.

25. <u>Golfklúbbur Kópavogs, Kópavogi</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 146
Alls: 146
Félagið stofnað: 2. júlí 1990
Formaður: Þorsteinn Steingrímsson.

26. <u>Íþróttadeild Hestamannafélagsins Andvara, Garðabæ</u>
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 9
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 177
Alls: 186
Félagið stofnað: 13. febrúar 1986
Formaður: Halldór Svansson.



*Stemning í tjaldi UMSK í lok landsmóts.*



*Grillað á sunnudagskvöldið 15. júlí.*



*Sýslað með búninga á landsmóti.*

# SKRIFSTOFA UMSK

Skrifstofa sambandsins var að Álafossvegi 22 út október, en þá flutti hún að Öldugötu 14, hús Ungmennafélags Íslands.

Á Álafossveginum deildi sambandið húsi með framkvæmdanefnd 20. Landsmótsins, en tveir framkvæmdastjórar störfuðu á vegum hennar. Lífið á skrifstofunni snerist að mestu leyti um landsmótið og undibúning þess.

Framkvæmdastjórar landsmótsins voru Ómar Harðarson og Sæmundur Runólfsson. Þeir hættu störfum í lok ágúst.

Einar Sigurðsson sem hafði verið framkvæmdastjóri UMSK frá því í ársbyrjun 1987 hætti störfum þann 30. nóvember. Ekki hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri og verður beðið með það um sinn vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sambandsins.

Sambandsaðilar UMSK eru beðnir um að snúa sér til stjórnarmanna ef þeir eiga erindi við sambandið þar til framkvæmdastjóri verður ráðinn og skrifstofa opnuð á ný.

# FRÉTTABRÉF UMSK

Tvö tölublöð af Fréttabréfi UMSK komu út á árinu 1990. Áskrifendur eru um 900. Kippur kemur í fjölgun áskrifenda þegar kennsluskýrslur berast skrifstofunni því alltaf er töluvert um nýtt fólk sem kemur til starfa hjá félögunum.

Höfundar efnis á árinu voru Einar Sigurðsson og Hafsteinn Pálsson.

# SKÓLAHLAUP UMSK

Fimmtudaginn 11. október s.l. fór fram skólahlaup UMSK og var það haldið við Ásgarð í Garðabæ. Mikil og góð þátttaka var í hlaupinu og voru 420 skráðir til keppni frá13 skólum.

Að venju gáfu Sanitas og Nói-Síríus pepsí og Malta súkkulaði sem var útdeilt við verðlaunaafhendinguna. Formaður sambandsins, Hafsteinn Pálsson, afhenti einstaklingsverðlaunin.

Töluverðar breytingar voru gerðar á skólahlaupinu. Vegna skipulagsbreytinga í grunnskólakerfinu þurfti að bæta við einum flokk því sex ára börn teljast nú vera í fyrsta bekk og efsti bekkur telst vera 10. bekkur í stað 9. áður. Því var flokkunum fjölgað um einn, úr fjórum í fimm. Með þessari breytingu voru einungis tveir árgangar í hverjum flokki í stað þess áður voru 7. - 8. og 9. bekkur saman í einum flokk sem leiddi oftast til þess að 7. bekkur tók ekki þátt í hlaupinu af augljósri ástæðu þ.e.a.s. vegna aldursmunar.

Önnur viðamikil breyting var að hlaupið færðist af frídegi yfir á virkan dag. Þessi breyting var gerð eftir mikinn þrýsting frá skólunum mörg undanfarin ár. Varð þessi breyting m.a. til þess að Flataskóli keppti nú eftir langa fjarveru, en yfirvöld í þeim skóla höfðu ekki treyst sér hingað til að senda keppnislið á laugardegi. Það eitt að Flataskóli kæmi aftur inn í skólahlaupið er sigur fyrir UMSK og hlaupið.

Framkvæmd þessa hlaups tókst eins og best verður á kosið og er samvinna þeirra Garðbæinga lofsverð. Sá mikli undirbúningur sem var lagður í hlaupið gerðu hlaupið að frábærum viðburði. Loksins tókst okkur að reka slyðruorðið af okkur en allt of oft hafa komið upp einhverjir hnökrar í fyrri hlaupum sem flestir voru þó smávægilegir.

Enn ein nýjungin í þessu hlaupi sem mæltist best fyrir af öllum nýjungunum var að dregnir voru út UMSK íþróttagallar úr númerum allra keppenda. Framhaldið af þessu er síðan að umbuna íþróttakennarana en þeir eiga lof skilið fyrir sinn þátt í hlaupinu og lofsvert er að sjá suma íþróttakennarana sinna skólahlaupinu af natni ár eftir ár.

Úrslit í skólahlaupinu eru á öðrum stað í skýrslunni og vísast í þau að öðru leyti.

# NÝ FÉLÖG

Á fundi stjórnar UMSK þann 12. nóvember 1990 voru samþykktar umsóknir Golfklúbbs Kópavogs og Keilufélags Garðabæjar um aðild að sambandinu.

Að auki var samþykkt á stjórnarfundi UMSK þann 27. desember 1990 umsókn Íþróttadeildar Hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ um aðild að sambandinu.

Golfklúbbur Kópavogs var stofnaður 2. júlí 1990. Á stofnfundi og undirbúningsfundi voru 70 manns. Skráðir félagar eru 146. Markmið klúbbsins er kynning, iðkun og efling golfíþróttarinnar.
Formaður er Þorsteinn Steingrímsson, Bræðratungu 30, 200 Kópavogur.

Keilufélag Garðabæjar var stofnað 25. maí 1989 af 24 aðilum. Skráðir félagar eru 95. Markmið félagsins eru (1) að efla keiluíþróttina og standa vörð um hagsmuni og réttindi félagsmanna, (2) að efla og treysta samskipti við önnur keilufélög og greiða fyrir samskiptum við félagsmenn þeirra, (3) að taka þátt í stefnumótun varðandi framtíðarskipan keiluíþróttarinnar á Íslandi.
Formaður er Lúðvík Wdowiak, Goðheimum 15, 104 Reykjavík.

Íþróttadeild Hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ var stofnuð 13. febrúar 1986. Skráðir félagar eru 186. Samkvæmt lögum félagsins er markmið þess að efla iðkun hestaíþrótta þar sem lögð er áhersla á fjölhæfni íslenska hestsins.
Formaður er Halldór Svansson, Dverghömrum 36, 112 Reykjavík.

Þessi þrjú nýju félög eru boðin velkomin í sambandið og þeim og félagsmönnum þeirra er óskað velfarnaðar í starfi innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar.

Skinfaxi
ERT ÞÚ ÁSKRIFANDI?



*Framkvæmdir við Varmárvöll.*



*Sól og blíða á Varmárvelli skömmu fyrir 20. landsmót UMFÍ.*




*Landsmótið auglýst á Bólinu.*

# STARFSSKÝRSLUR

Mikilvægi þess að félögin vandi vinnu við starfsskýrslur sínar á öllum að vera ljóst sem hugleiða tilgang þeirra. M.a. má nefna að fulltrúafjöldi sambandsaðila á þingum einstakra sérsambanda er ákveðinn eftir þeim upplýsingum sem félögin gefa í starfsskýrslum sínum. Flestir sinna þessu starfi mjög vel og er það til fyrirmyndar. Því miður hafa ekki allir skilað inn sínum skýrslum enn þann dag í dag og eru því í banni hjá ÍSÍ.

Skilafrestur á skýrslum til UMSK er 1. apríl því skila þarf til ÍSÍ fyrir 15. apríl að öðrum kosti eiga félög yfir höfði sér keppnisbann. Að auki gildir sú regla hjá UMFÍ að lottógreiðslur falla niður til sambandsaðila (þ.e. UMSK í okkar tilfelli) vegna félaga sem ekki skila inn starfsskýrslum og félagatali þar til skil eiga sér stað.

Aðildarfélög UMSK eru hvött til þess að skila sínum starfsskýrslum ásamt félagatali tímanlega svo ekki komi til keppnisbann af hálfu ÍSÍ eða lækkun á greiðslum frá UMFÍ vegna hagnaðar af rekstri Íslenskrar Getspár.

# DÓMARAMÁL

UMSK hefur á nokkrum undanförnum árum gengist fyrir dómaranámskeiðum fyrir knattspyrnudómara á sambandssvæðinu í samstarfi við Knattspyrnudómarafélag Kópavogs. Alls útskrifuðust 44 dómarar af sambandssvæðinu eftir þessi námskeið á þremur árum. Auk þess hafa bæði FH og Haukar sent þátttakendur á námskeiðin.

Sú breyting varð á árinu 1990 að Knattspyrnudómarafélag Kópavogs tók yfir þetta námskeiðshald.

UMSK vonast til þess að framhald verði á þessum námskeiðum og að ekki verði um knattspyrnudómaraskort að ræða á sambandssvæðinu í framtíðinni. Jafnframt er vonast til að félög hafi samstarf sín á milli um dómaramál í öðrum íþróttagreinum til þess að tryggja að þessi mikilvægi þáttur starfsins sé í góðu lagi.

# Bikarkeppni 1. deildar SSÍ

Undirbúningur sundliðs UMSK fyrir bikarkeppni SSÍ hófst strax í byrjun september hjá hverri deild og þjálfarar deildanna fóru að bera saman bækur sínar. Þá þótti strax sýnt að það yrði þungur róður fyrir lið UMSK að halda sæti sínu í 1. deild. En menn héldu ótrauðir áfram staðráðnir í að gefa hvergi eftir .

Í októbermánuði var farið í vel heppnaðar æfingabúðir að Aratungu og í framhaldi af því voru svo hafnar sameginlegar æfingar hjá liðinu undir stjórn þeirra Halldórs Ragnarssonar UMFA, Sifjar Bachmann UBK og Jóhanns Arnarssonar Stjörnunni. Einnig var fengin aðstaða í Árbæjarskóla fyrir keppendur UMSK mótsdagana, er þetta mjög af hinu góða til að efla með krökkunum einhug og samstöðu til að ná árangri. Deildirnar sáu alfarið um undirbúning og framkvæmd bæði á ferð í æfingabúðir og dvölina í Árbæjarskóla keppnisdagana.

Bikarkeppni SSÍ 1. deildar fór fram í Sundhöll Reykjavíkur dagana 23.-25. november s.l. og er skemmst frá því að sega að liði UMSK vegnaði ekki sem skildi og náði ekki að halda sæti sínu í deildinni.

Í 1. deild eru 6 lið og reglur SSÍ kveða svo á um að ef lið sem lendir í 5. sæti 1. deildar með fleiri stig en lið í 2. sæti 2. deildar flyst einungis eitt lið á milli deilda, annars flytjast tvö lið en sú var raunin í ár. Endanleg úrslit urðu þessi:

| | | |
|---|---|---|
| ÍA | 25662 | stig |
| Ægir | 25116 | stig |
| Vestri | 22726 | stig |
| KR | 22283 | stig |
| SH | 12789 | stig |
| UMSK | 19429 | stig |

Af þessu má sjá að það kom í hlut Sundfélags Hafnarfjarðar og UMSK að falla í 2. deild, en upp í 1. deild koma:
Sundfélagið Suðurnes með 22975 stig, og Sundfélagið Óðinn, Akureyri með 21525 stig.

Fullur hugur er hjá sundfólki og þjálfurum UMSK að dvelja ekki lengi í 2. deild og nái aðstandendur sunddeildanna, að virkja virkja áfram þann einhug hjá keppnisfólki okkar um að ná árangri, er ekki nokkur vafi á að UMSK á eftir að láta að sér kveða á vettvangi sundsins í framtíðinni og ekki spillir það fyrir að komin er fyrirmyndar aðstaða til sundiðkunar í Mosfellsbæ, Garðabæ og nú síðast í Kópavogi.

# BIKARKEPPNI FRÍ

Helgina 28. - 29. júlí fór fram í Mosfellsbæ keppni í 1. deild í Bikarkeppni FRÍ. Það er skemmst frá því að segja að UMSK náði ekki að halda sér í 1. deild og kemur því til með að keppa í 2. deild sumarið 1991.

HSK vann Bikarkeppnina með glæsibrag og endurtók góðan árangur í frjálsíþróttum frá því á landsmótinu hálfum mánuði áður. Þeim austanfjallsmönnum er óskað til hamingju með sigurinn.

Lokastaðan varð eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti | HSK | 154 | stig |
| 2. sæti | FH | 143 | stig |
| 3. sæti | ÍR | 142 | stig |
| 4. sæti | UMSE | 128 | stig |
| 5. sæti | UMSS | 68 | stig |
| 6. sæti | UMSK | 68 | stig |

# HÉRAÐSMÓT

Að venju voru haldin héraðsmót í knattspyrnu á árinu. Framkvæmd var í höndum einstakra félaga. Keppt var í 2. til 7. flokki karla og 2. til 4. flokki kvenna. Því miður er ekki unnt að rekja úrslitin hér.

Héraðsmót í frjálsíþróttum var haldið á Varmárvelli í 23. og 24. júní og var það liður í undirbúningi fyrir landsmótið. Þetta mót var haldið í samvinnu við Frjálsíþróttaráð Reykjavíkur og var því jafnframt Reykjavíkurmeistaramót. Að auki var m.a. FH-ingum boðin þátttaka í mótinu.

Héraðsmót í sundi var ekki haldið í haust eins og gert hefur verið undanfarin ár því ákveðið var að halda þessi mót framvegis að vori til. Það er von okkar að þessi þáttur í starfinu falli ekki niður.



*Helgi Jóhannesson UBK, tekur við Afreksbikar UMSK á 66. ársþinginu.*



*Meistaraflokkur Stjörnunnar í Handknattleik kvenna með UMFÍ bikarinn á 66. ársþinginu.*



*Albert H.N. Valdimarsson og Ólína Sveinsdóttir taka við Starfsmerki UMFÍ á 66. ársþinginu.*

# GETRAUNIR

Eftirtaldir sambandsaðilar UMSK hafa getraunanúmer og eiga því möguleika á að afla sér tekna af sölu getraunaseðla:

| | |
|---|---|
| **Grótta** | **170** |
| **Sigurfari** | **172** |
| **Breiðablik** | **200** |
| **ÍK** | **201** |
| **Gerpla** | **202** |
| **HK** | **203** |
| **Ýmir** | **204** |
| **Stjarnan** | **210** |
| **Golfk. Garðabæjar** | **212** |
| **UMFB** | **226** |
| **Afturelding** | **270** |
| **UMFK** | **271** |
| **Kjölur** | **272** |

Það er að hluta til undir félögunum komið að salan gangi vel því félögin verða að kynna númer sitt vel fyrir félagsmönnum sínum og stuðningsmönnum. Hvað ómerkta seðla varðar þá fá félögin sama hlutfall af þeim eins og af merktum seðlum þannig að miklu máli skiptir að sem flestir merki númer síns félags á seðilinn.

## Greiðslur til aðildarfélaga UMSK frá Getraunum

Hér á eftir er yfirlit um greiðslur frá Getraunum til einstakra félaga fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. september 1990. Ekki var unnt að fá yfirlit fyrir allt árið.

| | | |
|---|---|---|
| 170 | Grótta | 83.223 |
| 172 | Sigurfari | 26 |
| 200 | UBK | 421.791 |
| 201 | ÍK | 43.377 |
| 202 | Gerpla | 96.990 |
| 203 | HK | 58.045 |
| 204 | Ýmir | 4.283 |
| 210 | Stjarnan | 310.297 |
| 211 | Fyrirtak | 559 |
| 212 | Golfkl. Garðabæjar | 17.819 |
| 226 | UMFB | 551 |
| 270 | UMFA | 74.823 |
| 271 | UMFK | 879 |
| | Samtals | 1.112.663 |

**Hlutur allra félaga innan einstakra sveitarfélaga var eftirfarandi á sama tímabili:**

| | |
|---|---|
| Seltjarnarnes | 83.249 |
| Kópavogur | 662.486 |
| Garðabær | 328.675 |
| Bessastaðahr. | 551 |
| Mosfellsbær | 74.823 |
| Kjalarnes | 879 |
| Samtals | 1.112.663 |

# LOTTÓ 5/38

Fyrirtækið Íslensk Getspá er í eigu íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins. ÍSÍ á 46.67 % og UMFÍ 13.33 % og Öryrkjabandalagið 40 %.

Sem fyrr gengur leikurinn út á það að merkja við fimm tölur af þrjátíu og átta. Ágóðinn af leiknum gengur síðan til eignaraðila sem sem hafa með sér ákveðnar úthlutunarreglur.

**Úthlutunarreglur ÍSÍ:**

Úthlutunarreglur ÍSÍ voru fyrir 60. Íþróttaþingið eftirfarandi:

45 % Renni til sérsambanda ÍSÍ sem eru 19 talsins.
55 % Renni til héraðssambanda sem eru 28 talsins. Þau héraðssambönd sem eru einnig aðilar að UMFÍ fá skertan hlut sem því nemur.

Síðan er þeim 55 % sem renna til héraðssambanda skipt eftir eftirfarandi reglum:

12 % Fari jafnt niður á héraðssamböndin.
88 % Skiptist eftir íbúafjölda á sambandssvæðunum.

Á Íþróttaþingi síðastliðið haust voru síðan samþykktar úthlutunarreglur sem eru þær fyrstu sem hafa þingsamþykkt á bak við sig. Þær eru eftirfarandi:

1. Af óskiptu fari:
   3% til Afreksmannasjóðs ÍSÍ.
   1% til Ólympíunefndar Íslands.
   4% til ÍSÍ.
   20% til útbreiðslustyrks.
2. Af því sem þá er eftir fari:
   55% til héraðssambanda.
   45% til sérsambanda.
3. Hluta héraðssambanda verði skipt þannig:
   12% jafnt - óháð stærð þeirra.
   88% eftir íbúafjölda 1. desember næstliðins árs með þeirri leiðréttingu að hlutur héraðssambanda með aðild að UMFÍ verði lækkaður um 22% vegna aðildar bæði að UMFÍ og ÍSÍ. Framkvæmdastjórn úthlutar ofangreindum 22% til íþróttabandalaga.
4. Hluta sérsambanda verði skipt þannig:
   15% jafnt - óháð stærð þeirra.
   85% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

**Úthlutunarreglur UMFÍ eru eftirfarandi:**

**I. Grunnskipting:**

A hluti: 72 %
B hluti: 28 %

A hluta er skipt til sambandsaðila UMFÍ á eftirfarandi hátt:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu. Skili sambandsaðili ekki félagatali, þá fær hann ekki úthlutað samkvæmt þessum lið og deilist það þá á aðra sambandsaðila þar til félagatal er komið inn.

B hluta er skipt á eftirfarandi hátt:

1. 50% til UMFÍ.
2. 25% í Útbreiðslusjóð.
3. 20% í Verkefnasjóð.
4. 5% í Fræðslusjóð, þ.e. minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar.

**II. Skýringar:**

Regla vegna A 1:

Héraðssambönd fá einn hlut hvert.

Félög með beina aðild fá:
- UMFK, UMFN, Umf. Fjölnir fá 30 % af hlut hvert.
- Umf. Þróttur, Umf. Víkverji og Umf. Akureyrar fá 20 % af hlut hvert.
- Umf. Geisli, Umf. Djúpverji og Umf. Óðinn fá 10 % hlut hvert.

Regla vegna A 2:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda sem hér segir:
Í samanlagðan íbúafjölda héraðssambanda með fleira en eitt aðildarfélag, er deilt með samanlögðum félagsmannafjölda sömu aðila. Niðurstaðan, að hámarki 3, er margfölduð með félagsmannafjölda viðkomandi félaga, en fjöldinn verður þó aldrei meiri en íbúafjöldi viðkomandi svæðis.

Dæmi: Heildaríbúafjöldi héraðssambanda er 69.000, innan þeirra eru alls 23.000 félagsmenn, þá er félagsmannafjöldi félaga með beina aðild margfaldaður með 3, og útkoman er notuð sem íbúafjöldi þeirra.

Regla vegna A 3:

Við hverja úthlutun eru félagsmenn samkvæmt þessum lið allir félagar sem taldir eru á félagaskrá hinn 31. desember síðastliðins árs.

Félagaskrá skal innihalda nafn, heimilisfang og kennitölu.

Sambandsaðilar skulu skila félagaskrá til UMFÍ fyrir 1. maí ár hvert. Skili sambandsaðili ekki félagatali, þá fær hann ekki úthlutað samkvæmt þessum lið og deilist það þá á aðra sambandsaðila þar til félagatal er komið inn.

Regla vegna B 2 - Útbreiðslusjóður:

Útbreiðslusjóður hefur sjálfstæðan fjárhag og skal úthluta úr sjóðnum samkvæmt sömu reglum og notaðar eru fyrir A hluta.

Regla vegna B 3 - Verkefnasjóður:

Stjórn UMFÍ fer með stjórn Verkefnasjóðs og fer úthlutun fram á stjórnarfundum. Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja eða lána til sameiginlegra verkefna, nýjunga í starfi sambandsaðila og félaga eða til aðstoðar vegna óvæntra skakkafalla.

**III. Um úthlutun:**

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir þar næsta mánuð á undan.

**Reglur UMSK um skiptingu Lottóhagnaðar eru eftirfarandi:**

15 % Renni til sambandsins
85 % Renni til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptinu (skipt upp í 100 %):

- 10 % Renni jafnt til félaga með unglingastarf
- 20 % Samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélaginu miðað við íbúafjölda þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 40 % Samkvæmt félagatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 10 % Renni í Afreksmannasjóð UMSK
- 20 % Samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK.

**Úthlutanir til UMSK á árinu 1990**

Á árinu hafa eftirfarandi greiðslur borist til UMSK frá UMFÍ og ÍSÍ:

| | |
|---|---|
| Frá UMFÍ | 5.723.680.- |
| Frá ÍSÍ | 3.440.693.- |
| | 9.164.373.- |

**Úthlutanir úr Afreksmannasjóði UMSK á árinu 1990:**

| | |
|---|---|
| Stjarnan/ mfl. kv. í handknattleik | 60.000.- |
| UBK/karate | 35.000.- |
| UBK/frjálsíþróttadeild | 60.000.- |
| UMFA/frjálsíþróttadeild | 30.000.- |
| Landsmótnefnd | 386.762.- |
| Sérráð | 207.210.- |
| | 778.972.- |

**Úthlutanir til sambandsaðila UMSK á árinu 1990:**

| | |
|---|---|
| Ungmennafélagið Afturelding | 718.491.- |
| Ungmennafélagið Drengur | 69.832.- |
| Ungmennafélag Kjalnesinga | 129.292.- |
| Ungmennafélag Bessastaðahrepps | 135.517.- |
| Ungmennafélagið Breiðablik | 1.267.652.- |
| Ungmennafélagið Stjarnan | 1.016.546.- |
| Íþróttafélagið Grótta | 708.501.- |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 604.604.- |
| Íþróttafélagið Gerpla | 567.818.- |
| Siglingafélagið Ýmir | 141.779.- |
| Siglingaklúbburinn Vogur | 55.407.- |
| Íþróttafélag Kópavogs | 449.217.- |
| Golfklúbbirnn Kjölur | 133.844.- |
| Knattspyrnufélagið Augnablik | 69832.- |
| Siglingafélagið Sigurfari | 123.173.- |
| Íþróttafélagið Gáski | 61.007.- |
| Íþróttafélagið Hlynur | 15.840.- |
| Golfklúbbur Garðabæjar | 49.443.- |
| Knattspyrnufélagið Hvatberar | 24.076.- |
| Knattspyrnufélagið Fyrirtak | 3.833.- |
| Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar | 163.539.- |
| Íþróttadeild Hestamannafélagsins Gusts | 158.046.- |
| Skotfélag Kópavogs | 5.513.- |

Ógreitt um áramót kr. 336.904.-. Þessi upphæð var greidd út í byrjun janúar.

# 20. LANDSMÓT UMFÍ

# Skýrsla frá landsmótsnefnd UMSK

**Inngangur**

20. Landsmót UMFÍ var haldið í Mosfellsbæ dagana 12.-15. júlí 1990. Landsmótsnefnd UMSK hóf störf tveimur árum fyrir landsmót og höfðu nefndarmenn þingsamþykkt um sigur á eigin landsmóti í vegarnesti.

**Landsmótsnefndin**

Nefndin var skipuð 3 mönnum sem eru: Ólína Sveinsdóttir formaður, Ester Jónsdóttir og Ingólfur Steindórsson auk þess var Einar Sigurðsson starfsmaður nefndarinnar. Vil ég þakka Einari og samnefndarmönnum vel unnin störf.

Nefndin hélt marga fundi og reynt var að finna keppendur í allar greinar sem reyndar tókst með einni undantekningu þ.e. við fundum enga glímumenn.

Gerð var kostnaðaráætlun sem reynt var að fylgja eftir. Þar var haft að leiðarljósi að UMSK þyrfti ekki að bera skuldabyrðar vegna þátttökunnar að landsmóti loknu og það tókst.

**Fjáraflanir**

Ýmsar fjáraflanir voru kannaðar en niðurstaðan var að gefa út landsmótsblað, selja auglýsingar á búninga og síðast en ekki síst var farin sú leið að reyna að fá sem mest gefins í mötuneyti. Allar þessar leiðir skiluðu tilætluðum árangri og ber þar fyrst og fremst að þakka þeim velvilja sem við mættum hjá öllum þeim fyrirtækjum sem við leituðum til.

**Búningar**

Ákveðið var að kaupa búninga á allt liðið og í fyrsta skipti núna voru allir okkar keppendur í keppnisbúningum í UMSK litum ásamt merki. Þessa búninga á sambandið til næstu móta.

**Mötuneyti**

Mötuneyti var rekið í tjaldi eins og á fyrri landsmótum. Mikil vinna er fólgin í rekstri slíks mötuneytis en við teljum að það sé fyllilega þess virði, bæði félagslega og eins kostnaðarlega. Kostnaði við slíkt mötuneyti er hægt að halda niðri með sjálfboðavinnu og vegna velvilja fyrirtækja sem gáfu að stórum hluta matinn. Sem dæmi má nefna að meiri hluti brauða fékkst gefins ásamt smjöri og osti.

- Bakarí á svæði UMSK gáfu brauð.
- Osta- og smjörsalan gaf bæði smjör og ost.
- Svínabúið að Brautarholti gaf heilan grís.
- Jón M. Guðmundsson á Reykjum gaf kjúklinga.
- Kjötbankinn og SS veitti umtalsverðan afslátt.

Þessar gjafir og ívilnanir gerðu okkur kleift að halda veglega grillveislu í lok mótsins sem tókst mjög vel þrátt fyrir leiðinlegt veður. Þetta lokahóf þjappaði okkar liði enn betur saman ef það var mögulegt því samheldni liðsins var alveg einstök.

**Landsmótið**

Landsmótsnefnd UMSK tókst það ætlunarverk sitt að vinna landsmótið og standast kostnaðaráætlanir. Þessum árangri má þakka öllu okkar liði sem stóð sig frábærlega vel í heild og allri þeirri sjálfboðaliðsvinnu sem ynnt var af hendi. Án þessarar einstæðu samheldni hefði þetta ekki tekist.

Sigur á eigin landsmóti er hreint ólýsanleg tilfinning. Aldrei hefur lið UMSK mætt jafn sterkt til leiks og verið með þá breidd sem nú enda urðu lokatölur þær að við unnum með 335 stigum H.S.K hlaut 284 stig.

Þetta er í 3ja sinn sem við vinnum landsmót frá því þau voru endurvakin. Áður vannst sigur á Akranesi 1975 og þar áður í Haukadal 1940. Ef til vill eru heilu og hálfu áratugarnir okkur hliðhollir en við megum ekki trúa á það því næsta landsmót verður að Laugarvatni 1993 og þá þarf að fylgja eftir þeim sigri sem vannst nú. Við verðum að gera okkar besta þar og setja markið hátt og stefna að sigri þar einnig.

Guðrún Arnardóttir var ótvírætt stjarna okkar á þessu móti því hún var stigahæsta kona landsmótsins og átti þar að auki besta afrek kvenna sem var 100 metra grindarhlaup sem hún hljóp á 13,7 sek.

Við áttum fólk í mörgum verðlaunasætum og hlutur UMSK var stór á þessu landsmóti. Það sem olli okkur mestum vonbrigðum var knattspyrna karla því við höfðum vonast eftir að eiga þar eitt af þrem efstu sætunum en höfnuðum í fjórða sæti.

**Starfsíþróttir**

Mér finnst nauðsynlegt hér að nefna starfsíþróttirnar sérstaklega þar sem þetta er fyrsta landsmótið þar sem við mætum með fullskipað lið í þeim öllum. Það var ómetanleg reynsla og nú vitum við hvað þarf að bæta þar til þess að ná enn þá lengra í þeim næst.

Þrátt fyrir reynsluleysi okkar á þessum vettvangi áttum við fólk í verðlaunasætum þar og aðrir keppendur fylltust eldmóði og sögðu nú vitum við hvað við þurfum að bæta og hvernig á að standa að þessu næst! Þessi andi er það afl sem við þurfum að virkja til sigurs á næsta landsmóti.

**Helstu úrslit**

Frjálsar íþróttir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | 100 m hlaup kvenna | Guðrún Arnardóttir |
| 1. sæti | 200 m hlaup kvenna | Guðrún Arnardóttir |
| 3. sæti | 400 m hlaup kvenna | Berglind Erlendsdóttir |
| 1. sæti | 800 m hlaup kvenna | Fríða Rún Þórðardóttir |
| 2. sæti | 1500m hlaup kvenna | Fríða Rún Þórðardóttir |
| 1. sæti | 100m grind kvenna | Guðrún Arnardóttir |
| 2. sæti | 1000m boðhlaup kvenna | |
| 1. sæti | kringlukast karla | Eggert Bogason |

**landsmótsmet**

